

Antoine Versini gegn Frakklandi

Dómur frá 11. maí 2010

Mál nr. 11898/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Skattamál. Jafnræði aðila að refsímáli. Réttur til að færa fram varnir.

1. Málsatvik

Kærandi, Antoine Versini, er franskur ríkisborgari, fæddur 1934 og búsettur í La Colle-sur-Loup í Frakklandi. Hann var framkvæmdastjóri veitingastaðar á virtu hóteli, en árið 1995 lögðu skattyfirvöld aukalega skatt á fyrirtækið sem átti bæði hótelið og veitingastaðinn. Þá var einnig endurákværður virðisaukaskattur sem fyrirtækinu bar að greiða, ásamt því að lagðar voru á það sektir vegna vanskila á skattgreiðslum. Á sama tíma var lagður á kæranda og eiginkonu hans sérstakur tekjuskattur auk sekta.

Tilraunir fyrirtækisins til að fá málið endurskoðað innan stjórnslunnar náðu ekki fram að ganga og lagði kærandi málið því fyrir stjórnsludómstól Nice. Í maí 1999 féllu skattyfirvöld frá álagningu umrædds skatts á fyrirtækið og dómstóllinn skipaði sérfróðan matsmann til að meta hvort skattyfirvöld hefðu byggt á réttum skattstofni við endurákvörðun virðisaukaskattsins. Árið 2002 afhenti kærandi matsmanninum margvísleg gögn. Í matsgerðinni, sem var lögð fram árið 2004, var einungis talið að í bókhaldi kæranda hefðu verið nokkur óskýr atriði, en ekki væri um bókhaldsóreiðu að ræða. Dómstóllinn staðfesti endurákvörðun virðisaukaskattsins fyrir árið 1991 og 1992 að hluta til en fyrirtækið var undanþegið greiðslu hans að öðru leyti fyrir árið 1992 og 1993. Þá var kærandi undanþeginn greiðslu hins aukalega tekjuskatts.

Á sama tíma og á meðferð málsins stóð fyrir stjórnsludómstólum, var höfðað refsímál á hendur kæranda. Hann var ákærður fyrir að koma sér undan skattgreiðslum með sviksamlegum hætti og fyrir að hafa látið hjá líða að færa rétt bókhald. Þann 5. apríl 2000 sakfelldi dómstóllinn kæranda og dæmdi hann m.a. til sex mánaða fangelsisvistar. Dómstóllinn tók fram að málsmeðferð fyrir stjórnsludómstólum hefði ekki áhrif á mat á sekt kæranda fyrir sakadómi. Kærandi áfrýjaði og óskaði eftir frestun málsins þar til matsgerð sérfróða matsmannsins fyrir stjórnsludómstólum yrði lögð fram. Í september 2003 sýknaði áfrýjunardómstóll Aix-en-Provence kæranda af sakargiftum hvað varðaði skattsvik og vísaði til þess að skattyfirvöld hefðu fallið frá álagningu hans. Fangelsisrefsing kæranda var stýtt í fjóra mánuði. Áfrýjun kæranda til æðra dómstigs náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi studdist aðallega við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og hélt því fram að málsmeðferð í sakamálinu hefði verið óréttlátt þar sem ekki hefði verið gætt jafnræðis. Kærandi taldi að hann hefði einungis verið sakfelldur á grundvelli þeirra sönnunargagna sem skattyfirvöld höfðu lagt fram.

Þá taldi kærandi að hallað hefði verulega á hann gagnvart yfirvöldum, þar sem áfrýjunardómstóllinn hefði úrskurðað um sekt hans án þess að bíða eftir matsgerð hins sérfróða matsmanns sem hafði verið lögð fyrir stjórnsludómstólinn.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að sú framkvæmd sem kærandi kvartaði yfir væri í samræmi við meginregluna um réttláta málsmeðferð, að því gefnu að sakborningi væri veitt tækifæri til að grípa til varna. Kærandi var ákærður tveimur árum og níu mánuðum eftir að yfirmaður skattstofunnar lagði fram kæru sína. Því taldist kærandi hafa haft nægan tíma til að undirbúa vörn sína.

Í tengslum við staðhæfingar kæranda um að sakfelling hans hefði eingöngu byggst á sönnunargögnum sem stöfuðu frá skattyfirvöldum ítrekaði dómstóllinn að einstaklingur gæti verið sakfelldur fyrir að komast hjá greiðslu skatts við slíkar kringumstæður að tveimur skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi yrði dómstóllinn í refsímáli að leggja mat á hvort niðurstöður skattyfirvalda

væru réttar og í öðru lagi að tryggja að við rannsókn sönnunargagna væri gætt jafnræðis milli aðila. Þau skilyrði hefðu verið uppfyllt í máli kæranda.

Að auki hefði kærandi haft möguleika á að krefjast annarra rannsóknarræða eða leggja fram hvert það sönnunargagn sem hann óskaði til að bregðast við gögnum sem skattyfirvöld lögðu fram. Ekkert hafi staðið því í vegi að kærandi legði fram sömu sönnunargögn fyrir áfrýjunardómstólnum og þau gögn sem hann hefði látið sérfróða matsmanninum í té við stjórnsýslumeðferð málsins. Á grundvelli þeirra gagna hafði matsmaðurinn talið að engir alvarlegir misbrestir væru í bókhaldi fyrirtækisins. Kærandi hefði því haft tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri fyrir tveimur mismunandi dómstólum vegna málsins.

Að lokum athugaði dómstóllinn hvort hallað hefði á kæranda þar sem áfrýjunardómstóllinn komst að niðurstöðu í máli hans án þess að bíða eftir að matsgerðin yrði lögð fram fyrir stjórnsýsludómstóllinn. Dómstóllinn tók fram að málsmeðferð fyrir stjórnsýsludómstóli annars vegar og sakadómi hins vegar væru óháðar hvor annarri og hefðu mismunandi markmið og tilgang. Stjórnsýsludómstóllinn hefði lögsögu í málum varðandi skattstofn og umfang skattlagningar en sakadómur færi hins vegar með mál sem tengdust skattsvikum. Ákvarðanir stjórnsýsludómstólsins væru jafnframt ekki bindandi fyrir sakadóm. Með hliðsjón af niðurstöðu hins sérfróða matsmanns, taldi dómstóllinn að þrátt fyrir að áfrýjunardómstóllinn hefði frestað frekari málsmeðferð, þar til matsgerðin hefði verið lögð fram, bentu ekkert til þess að niðurstaða málsins hefði orðið önnur.

Með hliðsjón af framangreindum atriðum taldi dómstóllinn að gætt hefði verið að jafnræði aðila við málsmeðferð og að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.